

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 28. september 2017 - R17090018

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
	Fundargerðir:	
R17010031	Stjórn Faxaflóhafna sf. nr. 160, 18.9.'17.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17010024	Stjórn SSH nr. 447, 4.9.'17.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R17060227	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutun lóðar í Suður-Mjódd til félags eldri borgara, dags. 7.9.'17.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R17050058	Áskorun frá íbúasamtökum Miðbogar um biðskýli við safnstæði, dags. 16.9.'17.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.
R17080139	Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 24.8.'17, varðandi tillögu Strætó bs. um leið 6 og 6a.	Sent hverfisráði Grafarvogs til umsagnar.
R16030025	Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um stækkun athafnasvæðis Víkings, dags. 1.3.'16.	Sent til meðferðar viðræðunefndar um framtíðaruppbyggingu Víkings.
R16030025	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um að fela borgarstjóra að sjá til þess að athafnasvæði Víkings stækki, dags. 6.7.'17	Sent til meðferðar viðræðunefndar um framtíðaruppbyggingu Víkings.
R17090213	Erindi Afrikoko/Ísland Panorama Center, dags. 19.9.'17, með beiðni um húsnæði fyrir félagið.	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar.
R17050018	Bréf velferðarráðuneytis, dags. 25.9.'17, varðandi drög að Leiðbeinandi reglum um úthlutun félagslegs leiguhúsnæðis.	Sent velferðarsviði og fjármálaskrifstofu til meðferðar.

Fundur nr. 160

Ár 2017, mánudagurinn 18. september kom stjórn Faxaflóahafna sf. saman til fundar í fundarherbergi hafnarstjórnar í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og hófst fundurinn kl. 13:15.

Mættir:

Dagur B. Eggertsson
Líf Magneudóttir
Þórlaug Ágústsdóttir
Einar Brandsson
Björgvin Helgason
S. Björn Blöndal
Magnús Smári Snorrason

Varafulltrúi: Halldór Halldórsson

Áheyrnarfulltrúar:

Þorsteinn F. Friðbjörnsson
Ingibjörg Valdimarsdóttir

Auk þess sátu fundinn: Guðmundur Eiríksson, forstöðumaður tæknideildar, Vignir Albertsson, skipulagsfulltrúi, Hildur Gunnlaugsdóttir, skipulagsfulltrúi, Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri og Gísli Gíslason, hafnarstjóri, sem jafnframt ritar fundargerð.

1. Fjárhagsáætlun ársins 2018 ásamt tillögu að gjaldskrá. Greinargerð hafnarstjóra dags. 14.9.2017.
Farið var yfir meginefni fyrirliggjandi tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 og langtímaáætlun auk tillögu að gjaldskrá fyrir árið 2018. Hafnarstjórn samþykkir tillögur að fjárhagsáætlun og gjaldskrá.
2. Bréf Michael Russo f.h. Silicor Materials Iceland ehf., dags. 24.8.2017 þar sem tilkynnt er um að félagið nýti sér rétt samkvæmt ákvæðum þriggja samninga við Faxaflóahafnir sf., til að falla frá samningunum.
Tilkynning Silicor Materials Iceland ehf. felur í sér að lóðarsamningur, lóðarleigusamningur og hafnarsamningur sem upphaflega voru undirritaðir 22. apríl 2015 taka ekki gildi. Öll réttindi og allar skyldur beggja aðila á grundvelli samninganna eða vegna þeirra falla niður. Hafnarstjóra er falið að tilkynna atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og fjármálaráðuneyti ákvörðun Silicor Materials Iceland ehf.
3. Erindi þróunarfélagsins á Grundartanga ehf. dags. 2.9.2017, boð á aðalfund félagsins þann 18. september 2017.
Aðstoðarhafnarstjóra falið að fara með umboð Faxaflóahafna sf. á fundinum. Faxaflóahafnir sf. tilnefna Kristínu Soffiu Jónsdóttur í stjórn félagsins og Líf Magneudóttur til vara.
4. Erindi Akraneskaupstaðar dags. 15.9.2017, þar sem óskað er eftir makaskiptum á lóð við Akraneshöfn og skemmu á hafnarsvæðinu.
Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að taka upp viðræður við Akraneskaupstað um málið.



5. Skipulagsmál:
- Skipulag Sundahafnar utan Klepps.
Hafnarstjóri gerði grein fyrir þeim gögnum og þeim sjónarmiðum sem liggja fyrir varðandi undirbúning deiliskipulags á svæðinu utan Klepps og á Kleppslandi. Hafnarstjórn felur hafnarsjóra að kynna fyrirbyggjandi hugmyndir fyrir hagsmunaaðilum sem málið varðar.
6. Fundarboð á hafnafund Hafnasambands Íslands á Húsavík 21. september 2017.
Lagt fram.
7. Umhverfismál:
- Umhverfisvottun Faxaflóahafna
 - Reglur um eldsneyti skipa, útblástur og landtengingar.
**Stjórn Faxaflóahafna sf. fagnar þeim áfanga að starfsemi fyrirtækisins uppfylli nú vottaða umhverfisstjórnun. Vottunin er í senn mikil viðurkenning á stefnu fyrirtækisins og gæðastimpill á starf þess. Þá er ánægjulegt að vottunin sé staðfest á aldarafmæli Gömlu hafnarinnar í Reykjavík. Hafnarstjórn færir starfsfólki Faxaflóahafna sf. bestu þakki fyrir framlag þeirra og vinnu við að ná þessum merka áfanga, fyrst hafna á Íslandi.
Minnisblað hafnarsjóra um eldsneyti skipa, útblástur og landtengingar lagt fram.**
8. Forkaupsréttarmál:
- Erindi dags. 22.8.2017, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti að eignarhluta að Klettagörðum 25 fastanr. 229-4534. Kaupandi KG25 ehf. kt. 410312-0340. Seljandi Ergo hf. kt. 490503-3230.
 - Erindi dags. 7.9.2017, varðandi beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti að eignarhluta að Klettagörðum 13 fastanr. 230-3273. Kaupandi N1 ehf. kt. 540206-2010. Seljandi Fast-2 ehf. kt. 700-800-2450.
Hafnarstjórn staðfestir að fallið sé frá forkaupsrétti enda verði starfsemin á lóðunum í samræmi við deiliskipulag og lóðarleigusamninga.
9. Lóðamál:
- Erindi Innness ehf. um að lóðaúthlutun að Korngörðum 13, Reykjavík, verði færð yfir á móðurfélag þess, Dalsnes ehf.
Hafnarstjórn samþykkir erindið.
10. Greinargerð borgar vegna sex mánaða uppgjors Faxaflóahafna sf. dags. 28.8. 2017.
Lögð fram.
11. Önnur mál.
- Tilgáta um fyrsta vitann á Akranesi 1891.
Hafnarstjóri gerði grein fyrir málinu og er honum falið að kynna það Akraneskaupstað.

- b. Gróðursetning á Grundartanga.
Forstöðumaður tæknideildar gerði grein fyrir verkefninu og er hafnarstjóra falið að undirrita samkomulag um verkefnið.

Fleira ekki gert
fundir slitið kl. 14:20


Sig. Björn Þorvaldsson



Þórunn Þórunn
Fyrirbýing Váldimarsd.

Maðurinn er á ferðum

~~Andriður Guðmundsson~~
Vignir Adalsteinsson
Stofnun um hagskipti
Fyrir þann ákvarðun

Þórunn Þórunn
Björgum Hildur

Eva Þórunn







STJÓRN SSH 447. fundur

Mánudaginn 4. september 2017, kl. 13:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur L. Haraldsson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Haraldur Sverrisson
Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.
Hrafnkell Á Proppé svæðisskipulagsstjóri sat ennfremur fundinn.

Stjórnarformaður SSH, Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

1. Staðsetning fjarskiptamastra á höfuðborgarsvæðinu /málsnr. 1707005

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Hrafnkell Gíslason og Þorleifur Jónasson frá Póst- og fjarskiptastofnun.

Fyrir fundinum lá minnisblað Póst- og fjarskiptastofnunar frá 12. júlí 2017 þar sem athygli sveitarfélaga er vakin á þörf fyrir að fundnir verði góðir staðir fyrir fjarskiptamöstur á höfuðborgarsvæðinu til frambúðar í ljósi óvissu sem ríkir um framtíð sendistaða á Vatnsendahvarfi og á Úlfarsfelli.

Hrafnkell og Þorleifur gerðu grein fyrir tæknilegum kröfum varðandi staðsetningu öflugra fjarskiptamastra og áhrifum sterkra senda á nærumhverfið. Lögðu áherslu á að fundin verði lausn á máli sem fyrst.

Umræður

Niðurstaða:

Ekki er ljóst hvar frumkvæði að vinnu vegna þessa liggur, en að sögn fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar er eðlilegast að þeir aðilar sem nú annast rekstur dreifikerfa hafi það frumkvæði. Aðkoma og hlutverk sveitarfélaganna verður því að takast á við skipulagsþátt málsins þegar kallað verður eftir samtali af hálfu þessra aðila.

2. BORGARLÍNAN og tengd viðfangsefni /málsnr. 1610002

- a) Fyrir lá yfirlit yfir áfallinn verkefnakostnað SSH vegna verkefna sem tengjast Borgarlínu og undirbúningi að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna hennar. Áfallinn verkefnakostnaður í lok ágúst nam um 36,7 m.króna og áætlaður verkefnakostnaður til ársloka nemur um 44,4 m.króna. Verkefnið er fullfjármagnað með framlagi úr Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins, sérstöku framlagi frá aðildarsveitarfélögum og framlagi úr verkefnasjóði SSH.
- b) Farið var yfir verkáætlun og tímasetningar vegna væntanlegrar auglýsingar á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna legu Borgarlínunnar.



3. Árlegt viðhald rennislíkans kalds vatns fyrir höfuðborgarsvæðið og kostnaðarskipting /málsnr. 1709001

Fyrir fundinum lá erindi frá OR dags. 28.08.2017 vegna ofangreinds.

Samþykkt að vísa málinu til skoðunar, úrvinnslu og tillögugerðar hjá samráðshópi um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00

BORGARRÁÐ 7. september 2017: Breytt tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutun lóðar í Suður-Mjódd til félags eldri borgara - R17060227

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að Félagi eldri borgara verði úthlutað lóð undir fjölbýlishús í Syðri-Mjódd til viðbótar þeim tveimur lóðum sem félaginu hefur nú þegar verið úthlutað á svæðinu. Skal í þessu sambandi litið til reits norðvestanmegin á svæðinu sem merktur er C1 á deiliskipulagsupprætti. Mikil spurn er eftir íbúðum félagsins og ljóst að það þarf á fleiri lóðum að halda til að geta svarað henni. Margvíslegt hagræði verður af því að úthluta félaginu slíkri viðbótarlóð sem næst öðrum lóðum er félagið hefur nú þegar fengið til uppbyggingar í Mjóddinni. Ljóst er t.d. að hagkvæmt er að koma slíkri viðbótarlóð fyrir sem næst þjónustumiðstöð velferðarsviðs að Árskógum 4 sem veitir eldri borgurum mikilvæga þjónustu.

**Innkomið skjal**

Tegund skjals:

 t-póstur

Efnisflokkur:

 Almennt

Búið til:

19.09.2017

Staða:

 Í vinnslu

Afgreiðist fyrir:

Upplýsingar:

Málsnúmer: R17050058

Bréfalyklar: 61300 Umferðarmál

Sendandi:

Íbúasamtök miðborgar

Benóný Ægisson, formaður

Netfang: benaegis@simnet.is

Tilkynningar:

SBBstjrnsysla/RHUS/RVK

Bréfalyklar

Bréfalyklar:

61300 Umferðarmál

Skjalalýkill	61300 Umferðarmál	Málsnúmer	R17050058
Móttökudags.	19.09.2017	Skráð í GoPro	19.09.2017

Viðtakandi	Sendandi	
Deild (Ráðhúss)	Fyrirtæki/stofnun	Íbúasamtök miðborgar
Starfsmaður	Nafn	Benóný Ægisson, formaður
	Kennitala:	

Tegund skjals	t-póstur	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		

Sent:

Sent til:

Frá: Borgarstjórinn í Reykjavík

Dags: 19.9.2017 09:53:48

Til: Ráðhús skjalasafn

Efni: FS: Áskorun frá Íbúasamtökum Miðborgar

From: Benóný Ægisson [mailto:benaegis@simnet.is]

Sent: 18. september 2017 17:09

To: Borgarstjórinn í Reykjavík; dagur@dagur.is

Subject: Áskorun frá Íbúasamtökum Miðborgar

Heill og sæll borgarstjóri

Á fundi stjórnar Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur þann 16. september s.l var rætt um þær takmarkanir sem gerðar hafa verið á umferð fólksflutningabíla í miðborginni. Almenn ánægja er með þetta nýja fyrirkomulag en íbúar við ýmsar götur s.s. Hverfisgötu og Njarðargötu finna þó fyrir auknu álagi. Þeir kvarta einnig yfir því að rútufyrirtækin virði ekki tilmæli um eina aksturstefnu.

Nú er vetur að ganga í garð og á fundinum komu fram áhyggjur um að ekki sé nógu vel búið að ferðamönnunum á safnstæðunum þegar veður fara að gerast válynd. Þar eru engin biðskýli þar sem þeir geta leitað skjóls og er það mjög bagalegt. Stjórn ÍMR skorar á borgarstjóra að beita sér fyrir því að koma upp biðskýlum við safnstæðin því slík afdrep eru forsenda þess að þessi tilraun geti heppnast. Að fenginni reynslu af takmörkunum á umferð fólksflutningabíla er enginn vilji hjá íbúum miðborgarinnar til að hverfa aftur til þess ástands sem var áður en þær tóku gildi.

Kær kveðja

Benóný Ægisson

Formaður ÍMR

Samrit sent borgarfulltrúum, Samtökum aðila í ferðaþjónustu og fjölmiðlum

Benóný Ægisson

www.orgvel.is

Tel. +354 551 4612 & 897 8694

Virus-free. www.avast.com



- image001.jpg




- OutlookMessageContent.msg



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík



Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 23. ágúst 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Strætó bs.

Lögð fram tillaga Strætó bs., dags. 14. ágúst 2017, um að stytta leið 6 og setja nýja leið "6a".

Samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmars Sveinssonar og Sverris Bollasonar, fulltrúa Bjartrar framtíðar Magneu Guðmundsdóttur og fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísla Garðarssonar, fulltrúar Sjálfstæðisflokks Halldórs Halldórssonar og Áslaugar Maríu Friðriksdóttur sitja hjá við afgreiðsluna og fulltrúi framsóknar og flugvallarvina Guðfinna J. Guðmundsdóttir greiðir atkvæði á móti tillögunni og bókar. "Þar sem ráðið vildi hvorki að tillagan yrði kynnt í hverfisráði Grafarvogs eða að afgreiðslunni yrði frestað um viku áður en tillagan yrði tekin til atkvæðagreiðslu greiðir fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina atkvæði gegn tillögunni".

Visað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: tillaga Strætó bs., dags. 14. ágúst 2017.



Minnisblað

06.09.2017

Tilfni

Stytting leiðar 6 og ný leið „6a“

Höfundur

Valgerður Gréta Benediksdóttir

Yfirfarið


Jóhannes S. Rúnarsson

INNGANGUR

Til að mögulegt verði að setja leið 6 á 10 mínútna tíðni á annatímum, þarf að stytta leiðina þar sem ekki er forsvaranlegt að aka á 10 mínútna tíðni alla leið í Mosfellsbæ, vegna takmarkaðs farþegagrunns og mikils kostnaðar. Hér verða rissaðar upp 4 mögulegar styttingar leiðar 6. Til að koma til móts við tengingu milli Grafarvogs og Mosfellsbæjar yrði sett á ný leið, leið „6a“ sem myndi aka frá Spöng upp að Helgafellslandi á 30 mínútna tíðni alla daga vikunnar.

NÚVERANDI STAÐA

Leið 6 ekur á milli Hlemms og Háholts í gegnum Lækjartorg, Ártún og Spöng. Hún ekur á 15 mínútna tíðni á daginn virka daga og 30 mínútna tíðni á kvöldin og um helgar. Farþegafjöldi leiðarinnar var 112.240 í október 2015 skv. farþegatalningu og hafði þá fjölgað um 4,81 % á milli ára og hvert innstig í leiðina kostaði að meðaltali u.þ.b. 370 kr árið 2015.



Akstursleið leiðar 6 í dag.


TILLÖGUR AÐ BREYTINGU Á LEIÐ 6:

1. STYTTA AÐ SPÖNG:

- Stytta akstur leiðar 6 þannig að leiðin aki að Spöng á 10 mínútna tíðni á annatíma, 15 mínútna tíðni utan annatíma virka daga og 30 mínútna tíðni á kvöldin og um helgar.



Óbreytt akstursleið frá í dag, að Spöng.



Akstursleið án Gullengis, Skólavegs og Mosavegs

2. STYTTA AÐ EGILSHÖLL:


- Stytta akstur leiðar 6 þannig að leiðin aki að Spöng og Egilshöll á 10 mínútnatíðni á annatíma, 15 mínútna tíðni utan annatíma virka daga og 30 mínútna tíðni á kvöldin og um helgar.
- Hér myndi leiðin ekki aka Gullengi, Skólaveg og Mosaveg.



Akstur að Spöng og áfram að Egilshöll.

3. STYTTA AÐ STAÐAHVERFI:

- Stytta akstur leiðar 6 þannig að leiðin aki gegnum Staðahverfi á 10 mínútnatíðni á annatíma, 15 mínútna tíðni utan annatíma virka daga og 30 mínútna tíðni á kvöldin og um helgar.



Óbreytt akstusleið frá í dag, ekið yrði að gegnum Staðahverfi.

NÝ LEIÐ „6A“

Allar tillögur hér að framan gera ráð fyrir nýrri leið („6a“) sem myndi aka frá Spöng að Helgafellslandi í Mosfellsbæ á 30 mínútna tíðni alla daga vikunnar.



Ný leið myndi aka frá Spöng að hringtorgi við Ásaveg/Gerplustræti og tilbaka að Spöng.

KOSTNADARLEG ÁHRIF

Rekstrarkostnaður leiðar 6 árið 2015 var um 472 milljónir.

Árlegur aukin kostnaður vegna breytinga á leið 6 og nýrrar leiðar „6a“. Allir útreikningar neðan gera ráð fyrir að leið 6 verði á 10 mínútna tíðni á annatíma og ný leið („6a“) verði á 30 mínútna tíðni:

- Stytting að Spöng með óbreyttri akstursleið + ný leið = 365,6 + 126,7
- Stytting að Spöng án Gullengis, Skólavegs og Mosavegs + ný leið = 342,1 + 126,7
- Stytting að Egilshöll + ný leið = 372,5 + 126,7
- Stytting að Staðahverfi + ný leið = 428,9 + 126,7

Rauðar tölur: árlegur rekstrarkostnaður skv. Remix.

Ef stytting að Egilshöll yrði fyrir valinu þarf að útbúa aðstöðu fyrir vagninn að snúa.

Hjálagt er grófur kostnaðarútreikningur miðað vð að vagninn endi í Egilshöll og leið 6a keyri þaðan. Ath. að gert er ráð fyrir að leið 6 verði á 10 mín. fresti og verði stytt þ.e. Skólavegur og Mosavegur verði ekki ekinn.

	R.vík	KV.	HF	GB	MB	ST	
4. Breyting á leið 6 og 6a**	15,4	4,5	3,4	2,0	1,2	0,5	27,0



Viðbætur eftir umfjöllun stjórnar Strætó um málið 18.08.2017:

Lagt er til að málið verði unnið áfram með þann kost að leið 6 endi í Egilshöll í samræmi við það sem á undan segir. Að mati Strætó er það vænlegasti kosturinn af þeim sem hafa verið til skoðunar.

Strætó mælir með að tillaga nr. 2 verði fyrir valinu saman með nýrri leið „6a“. Að akstursleið leiðar 6 verði stytt þannig að hún aki að Spöng og áfram að Egilshöll og verði sett á 10 mínútna tíðni á annatíma. Leið „6a“ myndi þá aka milli Mosfellsbæjar og Grafarvogs sömu akstursleið og leið 6 ekur í dag, en á 30 mínútna tíðni allan daginn, alla daga og öll kvöld.



Minnisblað

06.09.2017

Tílefni

**Viðbætur við minnisblað:
Stytting leiðar 6 og ný leið
„6a“**

Höfundur

Valgerður Gréta Benediktsdóttir

Yfirfarið

Jóhannes S. Rúnarsson

VARÐANDI STYTTINGU LEIÐAR 6 AÐ EGILSHÖLL (Í STAÐ SPANGAR)

- Ef leið 6 myndi ekki fara að Egilshöll myndi einungis vera 30 mínútna tíðni milli Spangar og Egilshallar allan daginn (nema ef fólk færi með leið 18 hinn hringinn, gegnum borgir). Egilshöll er stór miðstöð íþróttar og afþreyingar og því væri jákvætt að halda uppi beinni tengingu þangað (þ.e. án skiptinga).
- Í mars 2017 voru að meðaltali 41 innstig og 41 útstig á virkum degi á leið 6 við Egilshöll... Í öllu staðahverfinu voru innstig 96 að meðaltali virka daga í mars 2017 og útstig 87... Í Spöng og Borgarholtsskóla voru að meðaltali 351 innstig og 330 útstig á virkum degi í mars 2017. Heildarfarþegafjöldi innstiga á virkum degi í mars á leið 6 voru um 4500. Við náum ekki að áætla kostnað á innstig í Grafarvogi í dag, en tæplega 5% farþega leiðar 6 í dag (mars 2017) nýta vagninn eftir Egilshöll (að Mosfellsbæ og tilbaka) en það er um 25% (Egilshöll – Mosfellsbær) af akstursleið leiðar 6 í dag.
- Varðandi 400m dekkun, þá eru íbúar í innan við 400m radíus frá stoppistöðvum leiðar 6 í dag 37.857 en skv. tillögum um styttingu að Spöng og Egilshöll yrðu þeir 32.588 (restin myndi þó áfram hafa „6a“ á hálf tíma tíðni). 40.738 myndu búa í 500m radíus frá nýrri leið 6.

BORGARSTJÓRN 1.3.2016: Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stækkun athafnasvæðis Víkings - R16030025

**Borgarstjórn Reykjavíkur
1. mars 2016**

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stækkun athafnasvæðis Víkings

Borgarstjórn felur borgarstjóra að gera ráðstafanir er nauðsynlegar kunna að vera í því skyni að Reykjavíkurborg standi við fyrirheit sitt um stækkun athafnasvæðis Knattspyrnufélagsins Víkings eftir að leigusamningur við lóðarhafa að Stjörnugróf 18 rennur út í árslok 2016, í samræmi við samþykkt borgarráðs hinn 10. júlí 2008. Jafnframt fól borgarráð skipulagsráði að kanna möguleika á nýrri staðsetningu gróðrarstöðvar, sem nú er á lóðinni, í samráði við eigendur hennar. Knattspyrnufélagið Víkingur er hverfisíþróttafélag, sem gegnir mikilvægu hlutverki í þágu íþróttá- og æskulýðsmála í Smáíbúða-, Bústaða- og Fossvogshverfum.

BORGARRÁÐ 6. júlí 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að fela borgarstjóra að sjá til þess að athafnasvæði víkings stækki - R16030025

Borgarráð felur borgarstjóra að sjá til þess að Reykjavíkurborg standi við fyrirheit sitt um stækkun athafnasvæðis Knattspyrnufélagsins Víkings í samræmi við samþykkt borgarráðs hinn 10. júlí 2008. Leigusamningur við lóðarhafa að Stjörnugróf 18 rann út í árslok 2016 og er borgarstjóra jafnframt falið að kanna möguleika á nýrri staðsetningu gróðrarstöðvar, sem nú er á lóðinni, í samráði við eigendur hennar. Knattspyrnufélagið Víkingur er hverfisíþróttafélag, sem gegnir mikilvægu hlutverki í þágu íþrótt- og æskulýðsmála í Smáíbúða-, Bústaða- og Fossvogshverfum. Tillaga þessi er efnislega samhljóða tillögu Sjálfstæðisflokksins, sem flutt var í borgarstjórn 1. marz 2016, en að tillögu borgarstjóra var henni vísað til meðferðar borgarráðs. Þrátt fyrir að sextán mánuðir séu nú liðnir frá umræddum borgarstjórnarfundi hefur tillagan enn ekki hlotið neina meðferð í borgarráði. Nú eru níu ár liðin frá því að áður nefnt fyrirheit var samþykkt samhljóða í borgarráði.



Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi

Reykjavíkurborg
Úlfhildur Jóna órarinsdóttir
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Reykjavík 17.05.2016

Málsnr.: 216030025
Skjalasafn Ráðhúss
18. maí 2016
Bréfalykill: 3500

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 13. maí 2016 varðandi eftirfarandi mál.

Traðarland 1, Víkingur

Á fundi skipulagsfulltrúa 8. apríl 2016 var lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. mars 2016, þar sem óskað er eftir umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, Íþróttta og tómstundaráðs og umhverfis- og skipulagssviða á eftirfarandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá fundi borgarstjórnar 1. mars 2016 um stækkun athafnasvæðis Víkings: "Borgarstjórn felur borgarstjóra að gera ráðstafanir er nauðsynlegar kunna að vera í því skyni að Reykjavíkurborg standi við fyrirheit sitt um stækkun athafnasvæðis Knattspyrnufélagsins Víkings eftir að leigusamningur við lóðarhafa að Stjórnugróf 18 rennur út í árslok 2016, í samræmi við samþykkt borgarráðs hinn 10. júlí 2008. Jafnframt felur borgarráð skipulagsráði að kanna möguleika á nýrri staðsetningu gróðrarstöðvar, sem nú er á lóðinni, í samráði við eigendur hennar. Knattspyrnufélagið Víkingur er hverfisíþróttafélag, sem gegnir mikilvægu hlutverki í þágu íþróttta- og æskulýðsmála í smábúða- Bústaða- og Fossvogshverfum." Óskað er eftir að sviðin og skrifstofan geri sameiginlegt minnisblað. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til borgarráðs, dags. 21. mars 2016 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. maí 2016.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 12. maí 2016, samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa

Helena Stefánsdóttir

Helena Stefánsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 12. maí 2016.

Fylgiskjal II. Hugmyndir Víkings um nýtingu svæðisins dags. 18.03.2014
Fylgiskjal III. Samþykkt borgarráðs um að heimila SEA að verja 12 m.kr.til félagsins dags. 6. nóvember 2014
Fylgiskjal IV. Hugmyndir að viðbyggingu ofan á félagsheimili Víkings
Fylgiskjal V. Staðsetning Gróðrarstöðvarinnar Markar
Fylgiskjal VI. Fundur borgarstjóra Reykjavíkur og Bæjarstjóra Kópavogs um Fossvog , dags. 3. október 2014
Fylgiskjal VII. Drög að samkomulagi við Víking



Reykjavík 12. maí 2016

Varðar: Traðaland 1, Víkingur -tillaga borgarráðsfulltrúa um stækkun athafnasvæðis Víkings.

Lagt er fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. mars 2016, þar sem óskað er eftir umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, Íþróttá og tómsundaráðs og umhverfis- og skipulagssviða á eftirfarandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá fundi borgarstjórnar 1. mars 2016 um stækkun athafnasvæðis Víkings: "Borgarstjórn felur borgarstjóra að gera ráðstafanir er nauðsynlegar kunna að vera í því skyni að Reykjavíkurborg standi við fyrirheit sitt um stækkun athafnasvæðis Knattspyrnufélagsins Víkings eftir að leigusamningur við lóðarhafa að Stjörnugróf 18 rennur út í árslok 2016, í samræmi við samþykkt borgarráðs hinn 10. júlí 2008. Jafnframt felur borgarráð skipulagsráði að kanna möguleika á nýrri staðsetningu gróðrarstöðvar, sem nú er á lóðinni, í samráði við eigendur hennar. Knattspyrnufélagið Víkingur er hverfisíþróttafélag, sem gegnir mikilvægu hlutverki í þágu íþróttá- og æskulýðsmála í smábúða- Bústaða- og Fossvogshverfum." Óskað er eftir að sviðin og skrifstofan geri sameiginlegt minnisblað. Erindinu var vísað til meðferðar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Með vísan til bréfs skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar, dags. 21. mars 2016, undirritað af Hrólfi Jónssýni þá kemur þar fram að árið 2014 fól borgarstjóri skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) ásamt Íþróttá- og tómsundaráði að taka upp viðræður við annars vegar Knattspyrnufélagið Víking og hins vegar eigendur Gróðrarstöðvarinnar Markar með það að leiðarljósi að finna lausn á framtíðarstarfsemi beggja aðila. Hafa nokkrir fundir verið haldnir með báðum aðilum í þeim tilgangi að finna varanlega lausn.

Í gildi er deiliskipulag fyrir Fossvogsdalinn innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, dags. 18.06.2009, deiliskipulag fyrir Víkingsvæðið við Trarðaland, dags. 18.06.2009 og lóðarafmörkun fyrir Gróðrastöðina Mörk, dags. 1991. Í samvinnu við Kópavog þá hefur verið samþykkt að vinna heildstætt deiliskipulag allan Fossvogsdalinn og þar inni verða svæði Víkings og Gróðrastöðvarinnar. Sú vinna er nú í gangi og hefur verið unnin lýsing fyrir svæðið og það verið kynnt sem drög í umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkur, auk þess sem það hefur verið kynnt í ráðum og nefndum hjá Kópavogi. Vonast er til að lýsingin geti verið samþykkt sem fyrst í viðeigandi ráðum og nefndum beggja sveitarfélaga þannig að vinna við deiliskipulag og samráð við íbúa og hagsmunaaðila geti hafist formlega. Tímasetningar þess efnis liggja þó ekki fyrir að svo stöddu.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /Björn I. Edvardsson

Borgarráð

Viðræður við Knattspyrnufélagið Viking um framtíðaruppbyggingu félagsins

Lagt er til að borgarráð samþykki að teknar verði upp formlegar viðræður við Knattspyrnufélagið Viking um aðstöðumál félagsins, lóðarmörk, uppbyggingar og viðhaldsmál í Víkinni, aðstöðumál og stærð þjónustusvæðis félagsins til framtíðar. Samhliða þessum viðræðum skal vinna þarfagreining fyrir Viking hvað varðar aðstöðu, þjónustu og rekstur mannvirkja. Af hálfu Reykjavíkurborgar taki fulltrúar íþróttá- og tómstundasviðs (ÍTR), umhverfis- og skipulagssviðs (USK) og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) þátt í viðræðum. Tveir fulltrúar verði skipaðir af hálfu Víkings og einn fulltrúi komi frá ÍBR. Þegar hópurinn hefur verið skipaður skal hann byrja á því að gera tillögu að erindisbréfi og leggja fyrir borgarstjóra til samþykktar.

Greinargerð:

Árið 2014 fól borgarstjóri SEA ásamt ÍTR að taka upp viðræður við annars vegar Knattspyrnufélagið Viking og hins vegar eigendur Gróðrarstöðvarinnar Markar með það að leiðarljósi að finna lausn á framtíðarstarfsemi beggja aðila. Hafa nokkrir fundir verið haldnir með báðum aðilum í þeim tilgangi að finna varanlega lausn. Þá hafa undanfarna mánuði átt sér stað fjölmargir fundir með fulltrúum Knattspyrnufélagsins Víkings, SEA og ÍTR þar sem m.a. hefur verið rætt um uppbyggingu félagsins við Stjörnugróf, bæði hvað varðar núverandi aðstöðu og framtíðarþarfir félagsins. Félagið hefur lagt fram ákveðnar hugmyndir um þarfagreiningu, sem m.a. voru kynntar fyrir íþróttá- og tómstundaráði á fundi ráðsins í Víkinni 14. október 2016. Þá hafa verið unnar ákveðnar hugmyndir af hálfu USK um möguleika á stækkun á félagsaðstöðu félagsins.

Þessar hugmyndir um þarfagreiningu fyrir allt svæðið og vegna stækkunar á félagsaðstöðu mun félagið taka til endurskoðunar. Fyrir liggur fyrirheit frá árinu 2008 til Víkings um stækkun athafnasvæðis síns inn á svæði gróðrarstöðvarinnar árið 2016 (fylgiskjal I). Í viðræðum við fulltrúa Víkings hefur komið fram að félagið leggur áherslu á að fá allt svæði gróðrarstöðvarinnar sem er innan landamerkja Reykjavíkurborgar. Hefur félagið m.a. lagt fram hugmyndir að nýtingu svæðisins sem miðast við það (fylgiskjal II). Þá hefur félagið einnig lýst áhuga sínum á því að möguleg ný sundlaug í Fossvogi verði staðsett á svæði félagsins ef af byggingu hennar verður. Með stækkun svæðis félagsins verði aukin áhersla lögð á almenningsíþróttir í tengslum við Fossvogsdalinn og í samstarfi við félagið. Þá hefur erfið aðkoma að svæðinu og umferðarmál norðan svæðisins, bæði gangandi og hjólandi auk bílaumferðar verið rædd.

Til að koma til móts við óskir Víkinga var samþykkt í borgarráði 6. nóvember 2014 að heimila SEA að verja 12,0 m.kr. til félagsins og var það m.a. einnig hugsað til þess að undirbúa frekar og átta sig á þörfum félagsins (fylgiskjal III). Í bréfinu til borgarráðs koma auk þess fram önnur atriði sem rætt hefur verið um. Á fundi sínum þann 11. febrúar 2016 samþykkti borgarráð fjárveitingu til endurnýjunar á gervigrasvelli félagsins, líkt og hjá öðrum félögum á árunum 2016 og 2017 og var gervigrasvöllur endurnýjaður fyrir um 65 m.kr. Þá var gerður upp af hálfu ÍTR við félagið líkt og við önnur félög, kostnaður sem félagið hafði orðið fyrir vegna meiriháttar viðhalds mannvirkja á liðnum árum og var óuppgeft við félagið, alls 15,0 m.kr. en áður hafði félagið fengið 12,6 m.kr. í styrki

vegna viðhaldsmála á árunum 2013-2015.

Unnið hefur verið að undirbúningi vegna lagfæringa á grasæfingasvæði félagsins og tennisaðstöðu og er gert ráð fyrir að ljúka við þær lagfæringar næsta vor. Hugmyndir liggja fyrir að viðbyggingu ofan á félagsheimilið (fylgiskjal IV) en skv þarfagreiningu félagsins rúmar Víkin ekki núverandi starfsemi félagsins. Unnið er að viðhaldslausnum, en fyrir liggur áætlun um meiriháttar viðhald á íþróttahúsi og félagsaðstöðu, en frestað var frekari ákvarðanatökum um þau mál þar til fyrir lægi hvernig yrði með viðbyggingu og þriðju hæðina. Eins hefur verið leitað leiða m.a. í samstarfi við Skóla- og frístundasvið um aukna notkun Reykjavíkurborgar á húsnæði félagsins bæði hvað varðar húsnæði fyrir íþróttakennslu og frístundaheimili Fossvogsskóla.

Þann 15 júní sl. samþykkti borgarráð að veita félaginu 60 m.kr. styrk vegna viðhalds félagsheimilisins, en vatnstjón varð í kjallara þess. Í sama bréfi er samþykkt heimild vegna grasæfingasvæðis og tennisvalla. Varið verður 90 m.kr. í grasæfingasvæði og tennisvelli að hluta til í ár en einnig á næsta ári.

Í viðræðum við fulltrúa Víkings hefur komið fram af hálfu Reykjavíkurborgar mikilvægi þess að skipulag fyrir svæðið verði unnið í samstarfi við Kópavogsbæ. Á fundi bæjarstjóra Kópavogs og borgarstjóra sem haldinn var 3. október 2014 er eftirfarandi bókað m.a:

„Vikingssvæðið og Gróðrarstöðin Mörk. Umræða um svæði íþróttafélagsins Víkings og Gróðrarstöðvarinnar Markar. Samþykkt að taka til skoðunar í sameiginlegri deiliskipulagsgerð sveitarfélaganna fyrir Fossvogsdal.“

Þessari sameiginlegu deiliskipulagsvinnu er ekki enn lokið. Mikilvægi þessarar vinnu felst í m.a. endurskoðun á umferð, mögulegri staðsetningu sundlaugar og einnig kæmi til greina að sameiginleg skoðun geti leitt til þess að ekki þurfi að loka Gróðrarstöðinni í Mörk en slík niðurstaða hefur verið talin eftirsóknarverð af hálfu beggja sveitarfélaga. Gróðrarstöðin starfar bæði í Kópavogi og Reykjavík. Jafnframt hefur verið leitað eftir samstarfi við Kópavogsbæ um Fagralund í Kópavogi. Hefur Reykjavíkurborg óskað eftir að taka á leigu íþróttaaðstöðu í Fagralundi og boðist til að laga mannvirki og endurnýja gegn afnotasamningi. Ekki hefur náðst niðurstaða í þær viðræður.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Fylgiskjal I. Fyrirheit til Víkings um stækkun athafnasvæðis dags. 2. júlí 2008.

Fylgiskjal II. Hugmyndir Víkings um nýtingu svæðisins dags. 18.03.2014.

Fylgiskjal III. Samþykkt borgarráðs um að heimila SEA að verja 12 m.kr.til félagsins dags. 6. nóvember 2014.

Fylgiskjal IV. Hugmyndir að viðbyggingu ofan á félagsheimili Víkings.



Borgarráð

Tillaga um stækkun athafnasvæðis Víkings.

Óskað hefur verið umsagnar SEA, ÍTR og USK um meðfylgjandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stækkun athafnasvæðis Víkings, sem lögð var fram á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur 1. mars sl.:

„Borgarstjórn felur borgarstjóra að gera ráðstafanir er nauðsynlegar kunna að vera í því skyni að Reykjavíkurborg standi við fyrirheit sitt um stækkun athafnasvæðis Knattspyrnufélagsins Víkings eftir að leigusamningur við lóðarhafa að Stjörnugróf 18 rennur út í árslok 2016, í samræmi við samþykkt borgarráðs hinn 10. júlí 2008. Jafnframt fól borgarráð skipulagsráði að kanna möguleika á nýrri staðsetningu gróðrarstöðvar, sem nú er á lóðinni, í samráði við eigendur hennar. Knattspyrnufélagið Víkingur er hverfisíþróttafélag, sem gegnir mikilvægu hlutverki í þágu íþrótt- og æskulýðsmála í Smárbúða-, Bústaða- og Fossvogshverfum.“

Árið 2014 fól borgarstjóri skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) ásamt Íþrótt- og tómstundasviði að taka upp viðræður við annars vegar Knattspyrnufélagið Víking og hins vegar eigendur Gróðrarstöðvarinnar Markar með það að leiðarljósi að finna lausn á framtíðarstarfsemi beggja aðila. Hafa nokkrir fundir verið haldnir með báðum aðilum í þeim tilgangi að finna varanlega lausn.

Viðræður við knattspyrnufélagið Víking.

Fyrir liggur fyrirheit frá árinu 2008 til Víkings um stækkun athafnasvæðis síns inn á svæði gróðrarstöðvarinnar árið 2016 (fylgiskjal I) Í viðræðum við fulltrúa Víkings hefur komið fram að félagið leggur áherslu á að fá allt svæði gróðrarstöðvarinnar sem er innan landamerkja Reykjavíkurborgar. Hefur félagið m. a. lagt fram hugmyndir að nýtingu svæðisins sem miðast við það (fylgiskjal II). Þá hefur félagið einnig lýst áhuga sínum á því að möguleg ný sundlaug í Fossvogi verði staðsett á svæði félagsins ef af byggingu hennar verði.

Með stækkun svæðis félagsins verði aukin áhersla lögð á almenningsíþróttir í tengslum við Fossvogsdalinn og í samstarfi við félagið. Þá hefur erfið aðkoma að svæðinu og umferðarmál norðan svæðisins, bæði gangandi og hjólandi auk bílaumferðar verið rædd.

Til að koma til móts við óskir Víkinga var samþykkt í borgarráði 6. nóvember 2014 að heimila SEA að verja 12,0 m.kr.til félagsins og var það m.a. einnig hugsað til þess að undirbúa frekar og átta sig á þörfum félagsins (fylgiskjal III). Í bréfinu til borgarráðs koma auk þess fram önnur atriði sem rætt hefur verið um. Á fundi sínum þann 11. febrúar sl. samþykkti borgarráð fjárveitingu til endurnýjunar á gervigrasvelli félagsins. Unnið hefur verið að undirbúningi vegna lagfæringa á grasæfingasvæði félagsins og er stefnt að því að

fara í þær lagfæringar næsta vor. Þá liggja fyrir hugmyndir að viðbyggingu ofan á félagsheimilið (fylgiskjal IV) Unnið er að viðhaldslausnum og eins hefur verið leitað leiða m.a. í samstarfi við Skóla- og frístundasvið um aukna notkun Reykjavíkurborgar á húsnæði félagsins.

Viðræður við Gróðrarstöðina Mörk

Lóðaleigusamningur við Gróðrarstöðina Mörk rennur út í árslok 2016. Engir fyrirvarar eru í samningnum. Í viðræðum við eigendur gróðrarstöðvarinnar hefur komið fram að þeir sækjast eftir áframhaldandi starfsemi á svæðinu. Og að ekki hafi verið haft neitt samráð í tengslum við fyrirheit til Víkings á sínum tíma. Þá hefur sá möguleiki verið ræddur að úthluta stöðinni annari lóð við Stekkjarbakka en þar gerir aðalskipulag ráð fyrir slíkri starfsemi. Hafa eigendurnir hafnað þeirri lausn bæði vegna þess að þau telja þetta svæði ekki hentugt fyrir gróðrarstöð en einnig vegna þess kostnaðar sem þau standi frammi fyrir vegna flutnings. Þau sjá því aðeins blasa við lokun stöðvarinnar fáist ekki framlengdur lóðarleigusamningur á núverandi stað. Þau eru þó tilbúin til að gefa eftir hluta svæðisins gegn því að vera áfram á því svæði sem þá stendur eftir. Gróðrarstöðin stendur á mörkum Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar (fylgiskjal V). Framtíðarstaðsetning stöðvarinnar á núverandi stað verður því ekki ákveðin nema í samstarfi við Kópavogsbæ. Fulltrúar SEA óskuðu því eftir fundi með bæjarstjóranum í Kópavogi um þessi mál. Þar kom fram vilji af hálfu bæjarstjórans til að finna sameiginlega lausn þessara mála og þann.

Á fundi sínum þann 3. október 2014 samþykktu borgarstjóri Reykjavíkur og bæjarstjóri Kópavogs að taka til skoðunar í sameiginlegri deiliskipulagsgerð Fossvogsdals svæði íþróttafélagsins og gróðrarstöðvarinnar (fylgiskjal VI). Sú vinna er nú í gangi. Það er ljóst að sameiginlegt deiliskipulag dalsins er lykillinn að niðurstöðu þessa máls og þess vegna er lagt til að gildistöku samkomulags við Víking frá árinu 2008 verði frestað um tvö ár á grundvelli samkomulags sem er í undirbúningi (fylgiskjal VII)

Samkomulagið gerir m. a. ráð fyrir að grasæfingasvæði félagsins verði lagfært árið 2017 og að vinnu við gerð deiliskipulagsins ljúki á fyrri hluta árs 2017. Á grundvelli þess og í samstarfi við Kópavogsbæ verði unnin áætlun um framtíðaruppbyggingu Knattspyrnufélagsins Víkings sem miði að því að þeirri uppbyggingu ljúki árið 2022.

Jafnframt er lagt til að lóðarleigusamningi við Gróðrarstöðina Mörk verði framlengt um tvö ár. Ef að niðurstaða deiliskipulagsvinnunnar verður sú að báðir aðilar geti verið áfram á svæðinu verði gerður framtíðar lóðarleigusamningur við gróðrarstöðina.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Fylgiskjal I. Fyrirheit til Víkings um stækkun athafnasvæðis dags. 2. júlí 2008

Bjarni Þóroddsson

Frá: panorama <islandpanorama@gmail.com>
Sent: 19. september 2017 19:27
Til: Innkaupadeild Reykjavíkurborgar; styrkir@eimskip.is; Styrkir; styrkir@actavis.is; styrkir@decode.is; styrkur@islandsbanki.is; styrkur@flugfelag.is; styrkur@atvr.is
Efni: Samfélagsmál

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Flokkar: Appelsínugulur flokkur

Málsnr: *2170 90 213*
Skjalasafn Ráðhúss
22. sep. 2017
Bréfalykill: *1252*

Góðan dag,

Samtökin okkar bráðvantar litið skrifstofu pláss til að sinna starfsemi áfram. Okkur langar að kanna hvort það sé hægt að fá pláss í borginni sem fyrst. Við fáum engar fjárhagsaðstoð eða styrkveitinga frá neinum. Þetta er skrifað til þess að biðja borgina að veita okkur bara litið skrifstofu pláss sem við getum notað. Borgin er með fullt af eignum og húsnæði sem hægt væri að nota í okkar starfsemi. Við eigum ekki peninga til að leiga.

Starfsemi okkar skipti máli vegna þess að við erum að þjónusta stór hópur af fólki sem koma hingað sem flóttafólk, hælisleitendur, útlendinga og líka Íslendinga sem þurfa þjónusta og upplýsingar sem er ekki hægt að fá að einum stað.

En það virðist vera eins og engin tæki okkar starfsemi alvarlega í kerfinu. Framundan er mikill vinna til að vegna fjölda flóttafólks og hælisleitendur. Rauða krossið og sveitafélögin 3 eru með alls konar í gangi en þeir getað ekki gert allt. Sérstaklega viljum við vinna með unga kynslóðina í hópnum til að sporna möguleika þeirra í að tengjast öfgasamtökum sem allir vita að nota unga fólkið til að fremja hryðjuverk. Ísland er nefnilega alls ekki "stik frí" eins og er sagt.

Vonandi er einhver að hlusta á okkur .

Warm Greetings/Með góðum kveðjum
Akeem
Framkvæmdastjóri-Director

Afrikiko/Ísland Panorama Center
Ármúla 19,

108 Reykjavik

IS:Iceland

simi/telefax +354 555 0672

skype:shaks016

www.islandpanorama.com

<https://www.facebook.com/profile.php?id=100010042186815>

Tilvísun í mál: VEL16060174

Það gleymdist að taka fram í fyrri pósti að þegar umsagnarfrestur er liðinn og farið hefur verið yfir athugasemdir er stefnt að því að boða til vinnufundar með fulltrúum félagsmálanefnda til að fullvinna leiðbeiningarnar. Stefnt er að því að fundurinn verði í byrjun nóvember og verður boðað til hans þegar nær dregur.

Bkv.
Rún

Rún Knútsdóttir, lögfræðingur / Legal Advisor
Velferðarráðuneyti / Ministry of Welfare
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +(354) 545 8100 - Fax: +(354) 551 9165
velferdarraduneyti.is / Fyrirvari/Disclaimer

Frá: Rún Knútsdóttir/VEL/NotesSTJR

Dags: 25.09.2017 14:27:06

Efni: Drög til umsagnar - Leiðbeinandi reglur um úthlutun félagslegs leiguhúsnaðis

Tilvísun í mál: VEL16060174

Sent á forsvarsmenn sveitarfélaga og félagsmálastjóra.

Á grundvelli 5. gr. samkomulags um endurskoðaða verka- og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga vegna breytinga á fyrirkomulagi húsnæðisstuðnings við leigjendur, hefur samráðsnefnd um húsnæðismál unnið meðfylgjandi drög að leiðbeinandi reglum um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis sveitarfélaga.

Er hér með óskað eftir athugasemdum við meðfylgjandi drög og að þær berist eigi síðar en föstudaginn 6. október næstkomandi.

F.h. samráðsnefndar um húsnæðismál,
Rún

Rún Knútsdóttir, lögfræðingur / Legal Advisor
Velferðarráðuneyti / Ministry of Welfare
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel: +(354) 545 8100 - Fax: +(354) 551 9165
velferdarraduneyti.is / Fyrirvari/Disclaimer

LEIÐBEINANDI REGLUR

fyrir sveitarfélög um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis sveitarfélaga skv. XII. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum

Leiðbeinandi reglur velferðarráðuneytisins um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis sveitarfélags eru settar á grundvelli 5. gr. samkomulags ríkisstjórnar Íslands annars vegar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar, sem tók gildi við gildistöku laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Í samkomulaginu er mælt fyrir um að sveitarfélög skuli setja sér reglur um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis skv. XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum. Reglurnar skulu hafa það að markmiði að tryggja þeim sem á þurfa að halda félagslegt íbúðarhúsnæði og lágmarka biðtíma eftir slíku húsnæði, hjá þeim sem eru í mestri þörf, eins og kostur er. Í samkomulaginu er að auki lögð sú skylda á félags- og húsnæðismálaráðherra, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, að gefa út leiðbeinandi reglur til sveitarstjórna um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis. Reglur hlutaðeigandi sveitarstjórnar skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

Markmiðið með útgáfu leiðbeinandi reglna er að auka samræmi í úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis sveitarfélaga. Leiðbeiningum er ætlað að vera sveitarstjórnnum og fastanefndum þeirra til aðstoðar við undirbúning að setningu reglna. Jafnframt þjóna leiðbeinandi reglur þeim tilgangi að vera til fyllingar reglum einstakra sveitarfélaga og til hliðsjónar við skýringu þeirra.

Ákvæðin hér á eftir eru því ekki bindandi fyrir hlutaðeigandi sveitarfélag enda hafi það birt efnislega aðrar reglur. Sé það ákvörðun sveitarstjórnar að víkja frá einhverjum þeirra ákvæða sem að neðan greinir er rétt að rökstuðningur sé tekinn saman fyrir fráviki þannig að skýra megi út forsendur þess fyrir umsækjendum.

Þar sem ákvæði um félagslegt íbúðarhúsnæði eru í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga ber að túlka ákvæðin með hliðsjón af markmiði og tilgangi laganna sem er m.a. að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa. Þannig er þjónusta sem veitt er á grundvelli laganna alltaf veitt á grundvelli mats á þörf fyrir viðkomandi þjónustu, sbr. 2. mgr. 12. gr. laganna, þar sem segir að aðstoð og þjónusta skuli jöfnum höndum vera til þess fallin að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingar og fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr málum sínum sjálf. Þannig þarf ákvörðun um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis að byggjast á heildarmati á aðstæðum umsækjanda en ekki bara hlutlægum tekju- og eignaviðmiðum. Þannig þarf einnig að meta hvort um sé að ræða sérstaklega þunga framfærslubyrði eða aðrar félagslegar aðstæður sem leitt geta til þess að þörf fyrir stuðning sé meiri eða minni en hlutlæg viðmið gefa til kynna. Ef þessir þættir eru ekki metnir verður vandséð að sveitarfélag hafi sinnt rannsóknarskyldu sinni við töku ákvörðunar um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis.

1. gr.

Almenn ákvæði

Markmið með úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis er að veita þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru færir um það sjálfir, úrlausn í húsnæðismálum til að leysa úr bráðum vanda á meðan unnið er að varanlegri lausn sbr. 46. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Reglur um úthlutun eru m.a. settar til að ákvarða hverjir eigi rétt á félagslegu íbúðarhúsnæði og hvernig umsóknum er forgangsraðað við úthlutun.

Félagslegt íbúðarhúsnæði sveitarfélaga er ætlað þeim sem ekki eru færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum:

- lágra tekna / lítilla eigna,
- þungrar framfærslubyrði og
- félagslegra aðstæðna.

2. gr.

Lagagrundvöllur

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

Félagslegt íbúðarhúsnæði sveitarfélaga er veitt á grundvelli XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og byggist á meginreglum þeirra laga, sbr. einkum 1. gr. og IV. kafla. Ákvörðun um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis er því tekin á grundvelli mats, sem tekur til tekna og eigna, framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna, sbr. 1. gr.

Í XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga eru lagðar skyldur á sveitarfélögin til að annast þau tilvik þegar íbúar geta ekki leyst úr húsnæðisvanda sínum sjálfir. Í 45. gr. laganna er mælt fyrir um almenn úrræði sveitarfélaga en í 46. gr. laganna er lögð skylda á sveitarfélögin til að aðstoða íbúa sína við að leysa úr húsnæðismálum sínum. Sveitarfélagi er sbr. 47. gr. laganna heimilt að fela félagsmálanefnd umsjón með leiguíbúðum í eigu sveitarfélagsins og útleigu þeirra.

Úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis skal ætíð fara fram í samhengi við félagslega ráðgjöf, sbr. V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Markmið ráðgjafar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar.

Lög um húsnæðismál nr. 44/1998

Lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 er ætlað að stuðla að því, m.a. með skipulagi húsnæðismála, að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks til að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Í 5. gr. laganna er kveðið á um að sveitarstjórn beri ábyrgð á og hafi frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf þess fólks í sveitarfélaginu sem þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun. Í 6. gr. laganna er svo kveðið á um skyldu sveitarstjórna til að skipa húsnæðisnefndir og hlutverk þeirra.

3. gr.

Skilgreiningar

Félagslegt íbúðarhúsnæði: íbúð í eigu sveitarfélags sem ætluð er til útleigu fyrir íbúa sveitarfélags sem ekki eru færir um að sjá sér fyrir húsnæði. Sveitarfélögum er heimilt að

skilgreina nánar hvaða hópar fólks falla undir eða falla ekki undir. Um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk gildir reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2016.

- *Það þarf að tryggja að stuðningur fari til þeirra sem mest þurfa á að halda*
- *Það þarf að vera skýrt hvaða hópur á rétt á húsnæði í reglum sveitarfélaganna og hvernig þeir koma til móts við ólíka hópa.*

Biðlisti: listi sem umsækjandi kemst á í kjölfar umsóknar sinnar um úthlutun á félagslegu íbúðarhúsnæði, uppfylli hann tiltekin skilyrði.

- *Á að vera að skilgreina biðlistana eða úrræði sem fólki stendur til boða á meðan það bíður eftir íbúð?*
- *Hugsanlega setja inn flokkun á þeim hópum sem eiga rétt á húsnæði og hverjir fara á biðlista?*

Skilyrði og viðmiðanir

4. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn verði tekin til meðferðar

Setja má skilyrði fyrir því að umsókn/úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðs teljist gild og verði tekin til meðferðar. Meðal slíkra skilyrða má nefna:

1. Að umsækjandi sé orðinn 18 ára á umsóknardegi og eigi lögheimili í sveitarfélaginu þegar sótt er um.
2. Að félagsleg staða umsækjanda og fjölskyldu hans sé metin samkvæmt viðmiðum 6. gr. og nái tilteknum stigafjölda.
3. Að samanlagðar tekjur umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á næstlíðnu ári séu ekki hærri en samkvæmt viðmiðum 6. gr.
4. Að samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á næstlíðnu ári séu ekki hærri en samkvæmt viðmiðum 7. gr.

Séu skilyrði af þessum toga sett í reglur sveitarfélags ber jafnframt að tilgreina farveg fyrir beiðnir um undanþágur frá skilyrðum. Ástæður sem geta réttlætt undanþágur eru m.a. að umsækjandi hefur orðið fyrir meiriháttar röskun á stöðu sinni og högum, er í mikilli neyð, býr við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu eða umsækjandi sem hefur búið stóran hluta ævi sinnar í sveitarfélagi hefur þurft að flytja tímabundið úr sveitarfélagi vegna húsnæðisvanda, náms eða vinnu. Skilyrði þessi geta því ekki verið fortakslaus enda á ákvörðun að byggjast á heildarmati á aðstæðum umsækjenda. Ekki er heimilt að setja reglur um lágmarkslengd búsetu í sveitarfélagi sem skilyrði fyrir því að umsókn verði tekin til meðferðar.

5. gr.

Viðmið vegna mats á félagslegum aðstæðum

Mat á félagslegum aðstæðum umsækjenda fer að meginstefnu eftir sömu sjónarmiðum og þegar önnur aðstoð er veitt á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Æskilegt er að fylgja skráðum matsviðmiðum sem kvarða tiltekin atriði í matinu með stigum. Til viðmiðunar má setja að umsækjandi þurfi að fá sex stig að lágmarki til að hljóta úthlutun á félagslegu íbúðarhúsnæði. Dæmi um matsviðmið eru í fylgiskjali 1 með leiðbeiningum þessum.

6. gr.

Viðmiðunarfrjárhæðir vegna mats á áhrifum tekna

Við úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis má miða við neðangreind tekjumörk miðað við fjölda heimilismanna. Tekjur undir tekjumörkum skerða ekki rétt til úthlutunar félagslegs íbúðarhúsnæðis. Heimilt er að ákveða að réttur til úthlutunar félagslegs íbúðarhúsnæðis falli niður við tiltekin tekjumörk. Heimilt er að veita undanþágu frá tekjuviðmiðum vegna óvenju þungrar framfærslubyrði eða við sérstakar aðstæður.

Fjöldi heimilis- manna	Tekjumörk á ári	Tekjumörk á mánuði
1	3.515.400	292.950
2	4.649.400	387.450
3	5.443.200	453.600
4 eða fleiri	5.896.800	491.400

- Þarf að uppfæra tölur þegar reglugerð verður uppfærð
- Má hækka leigu ef tekjur hækka sbr. heimild í lögum um almennar íbúðir?

7. gr.

Viðmiðunarfrjárhæðir vegna mats á áhrifum eigna

Miða skal við að eignir umsækjanda og annarra heimilismanna séu undir eignamörkum, að samanlagðar eignir þeirra nemi ekki hærri frjárhæð en **5.126.000 kr.** í lok næstliðins árs.

Meðferð umsókna

8. gr.

Umsóknir um félagslegt íbúðarhúsnæði

Félagsþjónusta hlutaðeigandi sveitarfélags annast móttöku og afgreiðslu umsókna um félagslegt íbúðarhúsnæði. Með umsókn skal skila inn þeim nauðsynlegu gögnum sem óskað er eftir, s.s. afritum að skattframtölum. Rétt er að fram komi í umsókn að við undirritun hennar veiti umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, félagsþjónustunni heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem Vinnumálastofnun, skattyfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði íslenskra námsmanna og sýslumönnum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsókna. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

9. gr.

Forgangsröðun umsókna

Umsóknir skulu raðast í forgangsröð eftir matsviðmiðum. Sveitarfélög geta sett nánari reglur um forgangsröðun umsókna með það að leiðarljósi að koma sem fyrst til móts við þá sem eru í erfiðustu aðstæðunum.

10. gr.

Úthlutun

Við úthlutun skal stuðla að fjölbreyttri samsetningu íbúa og félagslegri blöndun.

- Hvernig á að standa að úthlutun? td. 3 fjölskyldur með jafn mörg stig, það þarf að fara fram mat og setja fram rökstuðning hversvegna fjölskylda x fær húsnæði
- Samhliða rökstuðningur og réttur á rökstuðningi fyrir synjun við einstaka úthlutun?
- Við úthlutun þarf að gæta að því að sjónarmið séu málefnaleg

11. gr.

Húsaleiga

Við ákvörðun húsaleigu fyrir félagslegt leiguhúsnæði skal horft til þess að leiga standi undir kostnaði við hið leigða húsnæði. Heimilt er þó að jafna leigu innan sveitarfélags til að koma í veg fyrir misræmi í leigugreiðslum miðað við staðsetningu húsnæðis og greiðslubyrgði vegna þess o.s.frv.

12. gr.

Málsmeðferð

Meðferð umsókna fer að meginstefnu eftir sömu sjónarmiðum og þegar önnur aðstoð er veitt á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis og uppsögn þess er stjórnvaldsákvörðun sbr. 2. mgr. 1. mgr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.¹ Um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis, uppsögn og riftun húsaleigusamnings vegna verulegra vanefnda gilda skráðar og óskráðar reglur stjórnsýsluréttarins. Reglur sveitarfélags þurfa að tilgreina helstu þætti í málsmeðferð, þ.e.:

- a) Könnun á aðstæðum umsækjanda (einstaklings eða fjölskyldu).
- b) Samvinnu við umsækjanda og aðgangur hans að málgögnum.
- c) Öflun frekari gagna en þeirra sem fylgja með umsókn.
- d) Birtingu ákvörðunar.
- e) Rökstuðning fyrir synjun eða ógildingu umsóknar.
- f) Leiðbeiningar, m.a. um að kæra megí ákvörðun til úrskurðarnefndar velferðarmála.
- g) Viðbrögð við athugasemdum um ákvörðun m.a. með endurupptöku máls.

Umsækjandi árétt á skriflegum svörum og rökstuðningi vegna synjunar umsóknar eða úthlutunar húsnæðis.

13. gr.

Húsaleigusamningar

Um húsaleigusamninga félagslegs íbúðarhúsnæðis gilda húsaleigulög nr. 36/1994. Verði ágreiningur um gerð og/eða framkvæmd leigusamnings geta aðilar snúið sér til kærunefndar húsaleigumála sbr. 85. gr. húsaleigulaga.

14. gr.

Milliflutningur

¹ Álit UA nr. 5544/2006

Leigjendur sem hafa fengið félagslegt íbúðarhúsnæði úthlutað en vegna breyttra aðstæðna hafa þörf fyrir annars konar íbúðarhúsnæði skulu að jafnaði eiga forgang við úthlutun slíks íbúðarhúsnæðis. Það á þó ekki við ef annar umsækjandi telst í meiri þörf.

15. gr.

Umsækjandi hafnar ítrekað húsnæði

Hafi umsækjandi ítrekað hafnað félagslegu íbúðarhúsnæði án málefnalegra ástæðna er heimilt að líta svo á að hann hafi dregið umsókna sína til baka og sé hún því felld úr gildi.

16. gr.

Breytingar á aðstæðum umsækjanda

Rétt er að reglur sveitarfélags hafi að geyma sérstakt ákvæði um að umsækjandi skuli upplýsa félagsþjónustuna um breytingar sem verða á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þörf fyrir félagslegu íbúðarhúsnæði.

17. gr.

Endurskoðun

Rétt til félagslegs íbúðarhúsnæðis má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort leigjandi félagslegs íbúðarhúsnæðis fullnægi skilyrðum um gildi umsóknar og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans.

18. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Umsókn um úthlutun félagslegs íbúðarhúsnæðis sem lögð er inn er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda veldur ógildi umsóknar.

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri til að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

19. gr.

Endurupptaka máls

Umsækjandi getur óskað endurupptöku máls ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

20. gr.

Málskot og áfrýjun

Umsækjandi getur skotið ákvörðun sveitarfélags til úrskurðarnefndar velferðarmála.

21. gr.

Endurskoðun á reglum sveitarfélags

Reglur sveitarfélags skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og að teknu tilliti til viðeigandi þjónustu- og gæðaviðmiða.